

Ed.

## 371. Frumvarp til laga

[161. mál]

um breyting á lögum nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna.

Flm.: Jónas Magnússon.

### 1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Styrkur ríkissjóðs til vatnsveitna þeirra, er samþykktar hafa verið af ráðuneytinu (sbr. 3. gr.), skal nema helmingi af kostnaði við stofnæðar, vatnsgeyma, dælustöðvar, jarðboranir og önnur nauðsynleg mannvirki. Veita má þó hærra tillag úr ríkissjóði, ef sérstaklega stendur á og sýnt þykir, að helmingur kostnaðar verði ekki borinn uppi með eðlilegum vatnsskatti hin næstu 10 ár, eftir að stofnkostnaður myndast. Á sama hátt má ákveða lægri þátttöku ríkissjóðs en nemur helmingi eða synja um þátttöku hans í vatnsveitu, ef sýnt þykir, að eðlilegur vatnsskattur frá notendum sé nægur til að greiða mannvirkið.

Alþingi ákveður framlag skv. lögum þessum til einstakra vatnsveitna á fjárlögum hverju sinni.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu taka til þeirra vatnsveitna, er eigi var lokið fyrir árið 1965.

### Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að tvenns konar breyting sé gerð á gildandi lögum um stuðning ríkisins við vatnsveitur.

Annars vegar sú, að fyrirheit það, sem lög nr. 93 frá 1947 gefa um helmingsstuðning af ríkissjóðs hálfu við vatnsveitur sveitarfélaga, en ekki nálgast það mark í framkvæmd, verði gert raunhæft með því að lögbjóða afdráttarlaust, að svo skuli vera, þar sem sannanleg þörf er á og ráðuneytið hefur samþykkt, að verkið sé styrkhæft.

Breyting í þetta horf er raunverulega að skipa vatnsveitumannvirkjum á bekk með t. d. hafnarmannvirkjum og skólabyggingum, enda gera lögin ráð fyrir, að einungis sé hægt að vænta stuðnings við þær vatnsveitur, sem ráðuneytið hefur fylgzt með undirbúningi að og samþykkt nauðsyn á.

En í annan stað gerir frumvarpið ráð fyrir, að ákvörðun um fjárveitingu til hvers einstaks mannvirkis verði ákveðin af Alþingi með setningu fjárlaga hvert ár fyrir sig, en ekki, að haldið verði þeim hætti, sem nú er á í þessu efni, en hann er sá, að Alþingi ákveði heildarupphæðina, en ráðherra skipti henni milli aðila.

Einnig þetta er til samræmis við hafnir og skóla.

Eðlilegt væri þá, að regla yrði sköpuð um það, að hið áætlaða stofnverð, er á ríkissjóð félli, ásamt þeim verðhækkunum, sem á verkinu kunna að verða, meðan á byggingu stendur, yrði greitt á ákveðnu árabili, t. d. 3 árum, eins og skólakostnaðarlögin nýju gera ráð fyrir um þau mannvirki, er þau taka til.

Sérstakt tilefni til þeirrar breytingar, sem frumvarpið felur í sér, er sú staðreynd, að nú eru einungis ætlaðar 6.5 millj. kr. á fjárlögum yfirstandandi árs til vatnsveitna fyrir allt landið, en sú upphæð er eins og dropi í hafinu miðað við þær framkvæmdir, sem yfir standa og hlotið hafa samþykki ráðherra. En af framkvæmdum má t. d. nefna Vestmannaeyjaveitu og Landeyjaveitu. Hin síðarnefnda er rétt nýkomin í gagnið og mun hafa kostað 5 millj. kr., en Eyjaveitan, sem upphaflega var áætluð á rösklega 10 millj. kr., hlýtur nú eftir hina síðustu gengisbreytingu að fara yfir 130 millj. kr., og áætlaðar framkvæmdir á þessu ári einu saman munu kosta 50—60 millj. kr. Liggur því í augum uppi, hve órafjarri það er, að fjárlagaupphæðin komist í námunda við það að svara til þess að styðja vatnsveitumannvirki landsmanna að hálfu, eins og gildandi lög gefa framkvæmdaaðilum þó vonir um.

Samt sem áður hefur Alþingi þó sýnt á því verulega tregðu að leysa þessi fjárhagsvandamál eftir öðrum leiðum en einmitt vatnsveitulögunum, en til þess að þau verði til þess fullnægjandi, þarf að breyta þeim í þá átt, sem hér er lagt til, og auka fjárveitingar til að framkvæma þau.